

Tekjur

Í þennan kafla skal færa allar tekjur, aðrar en þær sem sundurliða skal í reitum 3610 til 3637, 3665, 3670 og 3680, en þar er um að ræða vaxtatekjur, gengishagnað, arðstekjur, aðrar fjármunatekjur, óreglulegar tekjur og hlutdeild í rekstrarafkomu skattaðila sem ekki bera sjálfstæða skattskyldu.

Tekjur skulu tilgreindar brúttó, þ.e. án nokkurs frádráttar, með vörugjaldi en án virðisaukaskatts, sundurliðaðar eins og reitirnir gefa til kynna. Frádráttur færirst sem gjöld í gjaldakafla framtalsins.

Sundurliðun í reitum 1017 til 1040 miðast við sundurliðun tekna m.t.t. virðisaukaskatts, þó án frádráttar vegna tapaðra viðskiptakrafna. Sá frádráttur færirst í gjaldakafla framtalsins, í reiti 2475 til 2505.

Söluhagnað (þó ekki söluhagnað hlutabréfa) og aðrar tekjur ber að færa í reiti 1050 og 1060, sbr. leiðbeiningar við þá reiti.

Fjárhæð í reit 1090 *Rekstrartekjur samtals* á að vera jöfn rekstrartekjum samkvæmt ársreikningi.

Sé mismunur á milli rekstrartekna samkvæmt ársreikningi og skattframtali, þá skal hann leiðrétur í reit 1070 *Leiðrétting rekstrartekna m.t.t. ársreiknings*, til þess að reitur 1090 sé í samræmi við ársreikning.

Sjá einnig kaflann *Leiðréttingar m.t.t. ársreiknings* á bls. 22.

Tekjur					
Virðisaukaskattsskyld sala 24%	+	1017	Aðrar tekjur	+	1060
Virðisaukaskattsskyld sala 11%	+	1027	Stuðningur vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti	+	1065
Velta undanþegin virðisaukaskatti (12. gr.) s.s. útlutn. á vöru og þjónustu	+	1030	Leiðrétting rekstrartekna m.t.t. ársreiknings	*	+/-
Starfsemi undanþegin virðisaukaskatti (2. gr.) s.s. heilbrigðisþjónusta, félagsl. þj., kennsla, íþróttir, almenningssamgöngur o.fl.	+	1040	Rekstrartekjur samtals	*	=
Söluhagnaður	+	1050	Samtala reita 1010 til 1070		

1017 og 1027 Virðisaukaskattsskyld sala (24% og 11%)

Í reit 1017 skal færa skattskylda veltu í 24% skattþrepi virðisaukaskatts en í reit 1027 skal færa skattskylda veltu í 11% skattþrepi. Virðisaukaskattur leggst á viðskipti innanlands á öllum stigum. Skattskyldusvið laga um virðisaukaskatt nær til sölu eða afhendingar á vörum og verðmætum, vinnu og þjónustu, nema sérstökum undanþágum sé til að dreifa.

Í reiti 1017 og 1027 færirst m.a.:

- Úttekt í eigin nota sbr. 11. gr. laga um virðisaukaskatt.
- Innáborganir fyrir afhendingu sbr. 13. gr. laga um virðisaukaskatt.
- Reiknað skattverð skv. reglugerðum 562/1989, 576/1989 og 248/1990.
- Skattverð rekstrarfjármuna þegar fyrirtæki hættir rekstri sbr. 11. gr. laga um virðisaukaskatt.

Ekki skal lækka virðisaukaskattsskylda veltu í þessum reitum vegna tapaðra viðskiptakrafna, heldur skal gera grein fyrir þeim í reitum 2475 til 2505 í gjaldakafla framtalsins.

1030 Velta undanþegin virðisaukaskatti (12. gr.)

Hér á að færa allar tekjur af virðisaukaskattsskyldri starfsemi sem undanþegar eru skv. 1., 2. og 4. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt, t.d. vegna útlutnings á vöru og þjónustu. Í þessum tilvikum reiknast ekki útskattur á tiltekna sölu eða afhendingu, þótt innskattsréttur vegna öflunar aðfanga í tengslum við þessa sölu eða afhendingu sé fyrir hendi. Oft er því talað um að í þessum tilvikum reiknist „núllskattur“.

*Við færslu á tekjum í þennan reit er nauðsynlegt að gera greinarmun á **starfsemi** sem undanþegin er virðisaukaskattsskyldu annars vegar og **veltu** sem undanþegin er virðisaukaskatti hins vegar.*

Hér færast ekki tekjur af þeirri starfsemi sem fellur utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts skv. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Slíkar tekjur færast í reit 1040.

Hér færast heldur ekki þær tekjur sem ekki bera virðisaukaskatt af öðrum sökum. Slíkar tekjur færast í reit 1060, nema söluhagnaður sem færirst í reit 1050.

Gera skal grein fyrir sundurliðun fjárhæðar í þessum reit í sundurliðunartöflu framtalsins.

1040 Starfsemi undanþegin virðisaukaskatti (2. gr.)

Hér á að færa allar tekjur af starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt.

Hér er t.d. um að ræða heilbrigðisþjónustu, félagslega þjónustu, kennslu, íþróttir, almenningsamgöngur o.fl.

*Við færslu á tekjum í þennan reit er nauðsynlegt að gera greinarmun á **starfsemi** sem undanþegin er virðisaukaskattsskyldu annars vegar og **veltu** sem undanþegin er virðisaukaskatti hins vegar.*

Hér færast ekki tekjur af sölu eða afhendingu í þeim tilfellum þar sem veltan í virðisaukaskattsskyldri starfsemi er undanþegin virðisaukaskatti, t.d. vegna útflutnings. Slíkar tekjur færast í reit 1030.

Hér færast heldur ekki þær tekjur sem ekki bera virðisaukaskatt af öðrum sökum. Slíkar tekjur færast í reit 1060, nema söluhagnaður sem færast í reit 1050.

Gera skal grein fyrir sundurliðun fjárhæðar í þessum reit í sundurliðunartöflu framtalsins.

Verið getur að framteljandi hafi bæði með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi og starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Starfsemi hans er þá sögð *blönduð*. Í þennan reit færast þá eingöngu sú sala eða afhending sem undanþegin er skv. umræddu lagaákvæði. Minnt skal á að þeir sem eru með blandaða starfsemi þurfa að fylla út og standa skil á eyðublaði RSK 10.27 Afstemming virðisaukaskatts vegna blandaðrar starfsemi.

1050 Söluhagnaður

Í þennan reit færast hvers konar söluhagnaður skv. ársreikningi, annar en söluhagnaður af hlutabréfum. Sölu rekstrarfjármuna og annarra eigna (annarra en hlutabréfa) ber að færa í eignaskrá RSK 4.01.

Bent skal á að sölutap færast í reit 3120 og frestaður söluhagnaður færast í reit 4030.

Hagnað af sölu eigna (annarra en hlutabréfa) skal alltaf færa hér. Ef söluhagnaður hefur í ársreikningi verið færður meðal óreglulegra tekna þarf líka að setja hann í reit 3670 og leiðrétta í reit 1070. Sjá almennt um leiðréttingar m.t.t. ársreiknings efst á bls. 22.

1060 Aðrar tekjur

Hér skal færa allar rekstrartekjur sem ekki bera virðisaukaskatt og ekki hefur verið gerð grein fyrir í öðrum tekjureitum. Sem dæmi um tekjur sem falla undir þennan reit má nefna:

- Bætur.
- Styrki.

- Sölu á vörum sem keyptar hafa verið eða notaðar í þeim tilgangi eingöngu er um ræðir í 3. mgr. 16. gr. laga um virðisaukaskatt, enda hafi þær ekki verið eignfærðar. Ef um eignfærslu hefur verið að ræða, þá ber hins vegar að færa söluna í eignaskrá RSK 4.01 og söluhagnað þeirra í reit 1050.
- Rekstrartekjur þeirra sem undanþegnir eru virðisaukaskattsskyldu skv. 4. gr. laga um virðisaukaskatt, t.d. tekjur vegna höfundarlauna, einkaleyfistekjur og tryggingabætur.
- Rekstrartekjur þeirra sem eru undir veltumörkum skv. 4 gr. laga um virðisaukaskatt.

Hér færast hvorki vaxtatekjur né aðrar tekjur sem færast í reiti 3610 til 3700.

Gera skal grein fyrir sundurliðun fjárhæðar í þessum reit í sundurliðunartöflu framtalsins.

1065 Stuðningur vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti

Hér skal tekjufæra stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, sbr. 9. gr. laga nr. 50/2020. Frestun á þessari tekjufærslu skal færa í reit 4175, ef þörf er á.

1070 Leiðrétting rekstrartekna m.t.t. ársreiknings

Ef tekjur af sölu eða afhendingu, söluhagnaður eða aðrar tekjur í þessum kafla hafa verið færðar með öðrum hætti í ársreikningi en á skattframtalinu, þá þarf að leiðrétta í þessum reit, svo að niðurstöðutalan í reit 1090 verði jöfn rekstrartekjum skv. ársreikningi.

Gera skal grein fyrir sundurliðun þessara leiðréttinga í sundurliðunartöflu framtalsins.

1090 Rekstrartekjur samtals

Hér kemur samtala reita 1017 til 1070. (Athugið að taka þarf tillit til formerkis fjárhæðar í reit 1070). Ef fjárhæðin í reit 1090 er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

Fjárhæð í þessum reit á að vera samhljóða rekstrartekjum samtals í ársreikningi.

Erlendar skattgreiðslur félaga

Ef óskað er eftir lækkun á tekjum félags vegna skattgreiðslna erlendis af tekjum sem taldar eru fram á skattframtali þess hér á landi, skal gera grein fyrir þeirri beiðni í athugasemdum á forsíðu skattframtalsins. Fram þarf að koma tegund tekna og fjárhæð, greiddir skattar erlendis, í hvaða landi og á hverju beiðnin byggir. Þessu til viðbótar þarf félagið að senda inn frumrit staðfestingar á greiðslu skatta erlendis, undirritað og stimplað frá skattyfirvöldum viðkomandi ríkis. Ekki er fallist á skönnuð afrit eða ljósrit.

Ef skattar eru greiddir af tekjum erlendis í ríki sem Ísland hefur ekki tvísköttunarsamning við þá takmarkast lækkun tekjuskatts við álagðan tekjuskatt hér á landi vegna viðkomandi tekjuárs.

Gjöld

Sundurliðun rekstrargjalda er tvískipt: Sundurliðun m.t.t. virðisaukaskatts og önnur sundurliðun gjalda.

Gjöld og aðra liði í þessum kafla ber að færa á **RSK 1.04** í samræmi við leiðbeiningar um viðkomandi reiti, í sumum tilvikum án tillits til þess hvernig sömu liðir hafa verið færðir í ársreikningi. Mismunur, sem fram kann að koma af þessum sökum, skal leiðréttur í reitum 3170 til 3290, sbr. nánari umfjöllun í kaflanum *Leiðréttingar m.t.t. ársreiknings* á bls. 22.

Fjárhæð í reit 3990 *Hagnaður/tap skv. ársreikningi* á að vera samhljóða niðurstöðu rekstrar í ársreikningi.

Ef gjöld, sem færð eru í þessum kafla, eru ekki frádráttarbær til tekjuskatts, þarf að gera leiðréttingar til að ná fram réttu niðurstöðu til tekjuskatts, sbr. nánari umfjöllun í kaflanum *Skattalegar leiðréttingar og ráðstafanir* á bls. 25.

Kostnaður, sem í reynd samanstendur af ólíkum tegundum gjaldaliða og/eða sem færður hefur verið sem einn liður í ársreikningi (t.d. sem „kostnaður söludeildar“), skal ekki færður í einn reit á **RSK 1.04**. Í staðinn skal kostnaðurinn sundurgreindur og færður í reiti skattframtalsins skv. formi þess. Þannig skulu t.d. launagreiðslur ætíð sundurliðaðar og færðar einvörðungu í reiti 3030 til 3100.

Sundurliðun m.t.t. virðisaukaskatts

Gjaldaliðum í þessum kafla er skipt í þrjá dálka m.t.t. virðisaukaskatts:

Í dálk „Vsk. 24%“ færast gjaldaliðir sem myndað hafa stofn til innskatts í 24% skattþrepi.

Í dálk „Vsk. 11%“ færast gjaldaliðir sem myndað hafa stofn til innskatts í 11% skattþrepi.

Í dálk „Ekki vsk.“ færast gjaldaliðir sem ekki hafa myndað stofn til innskatts.

Gjöldin skulu talin fram án virðisaukaskatts, ef innskattað er í bókhaldi, en með virðisaukaskatti að öðrum kosti.

Séu innkaup bæði vegna virðisaukaskattsskyldrar starfsemi og starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti, ber að færa þann hluta innkaupanna sem ekki varðar hina virðisaukaskattsskyldu starfsemi í dálkinn „Ekki vsk.“.

Við afstemmingu innskatts verður virðisaukaskattur reiknaður af samanlögðum fjárhæðum gjalda eftir þrepum, sbr. nánari umfjöllun í kaflanum *Ýmis innskattur* á bls. 37.

Ef fjárhæð sem færa ætti í einhvern reitanna 2010 til 2500 er neikvæð, skal hún færð í reiti 2510 til 2530 í viðeigandi dálki, en aðeins þessir síðast töldu reitir í þessum kafla geta tekið bæði + (plús) og - (minus) formerki.

2010, 2025 og 2030

Hráefniskaup innanlands

Í þessa reiti skal færa innkaupsverð hráefna sem keypt eru innanlands, þ.m.t. aðkeyptar hálfunnar vörur til vinnslu. Hér færast einnig innkaup byggingarefnis og byggingarhluta hjá fyrirtækjum í byggingariðnaði og annarri mannvirkjagerð, enda sæti efnið einhverri aðvinnslu af hálfu byggingaraðila, sbr. reglugerð 576/1989 og reglugerð 577/1989. Um vörukaup vegna heildsölu eða smásölu vísast til reita 2100 til 2120.

2040, 2055 og 2060

Hráefniskaup erlend

Hér skal færa innkaupsverð innflutts hráefnis, þ.m.t. aðkeyptar hálfunnar vörur til vinnslu. Hér færast einnig erlend innkaup byggingarefnis og byggingarhluta hjá fyrirtækjum í byggingariðnaði og annarri mannvirkjagerð, enda sæti efnið einhverri aðvinnslu af hálfu byggingaraðila, sbr. reglugerð 576/1989 og reglugerð 577/1989. Um erlend vörukaup vegna heildsölu eða smásölu vísast til reita 2130 til 2150.

Virðisaukaskatt vegna alls innflutnings, sem greiddur hefur verið í tolli, þarf að tilgreina sérstaklega í reit 0680. Sjá nánar í kaflanum Ýmis innskattur á bls. 37.

2070, 2085 og 2090 Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður

Hér skal færa kostnað hjá framleiðslufyrirtækjum, þ.m.t. fyrirtækjum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, við framleiðslu á vörum fyrirtækisins, annan en hráefniskostnað og laun. Hér er t.d. um að ræða óbeinan framleiðslukostnað sem ekki færast annars staðar. Með óbeinum framleiðslukostnaði er bæði átt við fastan og breytilegan kostnað.

Einnig færast hér rekstrarvara ýmiss konar, þar með talið efni sem ekki verður hluti af afurðinni. Dæmi um atvinnugreinar þar sem þetta getur átt við eru fiskveiðar, útgerð flutninga-skipa, flugvéla, bifreiða o.s.frv. Í þessa reiti færast einnig innfluttar rekstrarvörur, en ekki meðal erlendra vörukaupa.

Gjöld – Sundurliðun m.t.t. vsk.		Vsk. 24%	Vsk. 11%	Ekki vsk.	
Hráefniskaup innanlands	+	2010	2025	2030	
Hráefniskaup erlend	+	2040	2055	2060	
Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður	+	2070	20852	2090	
Vörukaup innanlands	+	2100	115	2120	
Vörukaup erlend	+	2130	2145	2150	
Aðkeypt innlend vinna og þjónusta til endursölu	+	2160	2165	2170	
Aðkeypt erlend vinna og þjónusta til endursölu	+	2171	2172	2173	
Húsaleiga/Aðstöðuleiga	+	2180		2190	
Viðhald fasteigna	+	2200		2210	
Annar rekstrarkostnaður fasteigna	+	2220	2235	2240	
Söluakostnaður	+	2250	2255	2260	
Rekstur flutningatækja	+	2270	2277	2280	
Aðkeyptur akstur og annar flutningskostnaður	+	2290	2295	2300	
Ferðakostnaður	+	2310	2325	2330	
Ýmis aðkeypt þjónusta, innanlands	+	2340	2345	2350	
Ýmis aðkeypt þjónusta, erlend	+	2351	2352	2353	
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	+	2360	2375	2380	
Lausafjárleiga, fjármögnunarleiga o.fl., innanlands	+	2390		2400	
Lausafjárleiga, fjármögnunarleiga o.fl., erlend	+	2401		2403	
Gjaldfærðir rekstrarfjármunir	+	2410		2420	
Viðhaldskostnaður	+	2430		2440	
Starfsmannatengdur kostnaður	+	2450	2465	2470	
Ýmis annar kostnaður	* $\frac{+}{-}$	2510	2525	2530	
Samtals *	=	2800	2815	2820	

Afskrifaðar viðskiptakröfur	
25,5%	2475
24,5%	2480
24%	2477
14%	2490
11%	2497
7%	2495
Undanþegin velta (12. gr.)	2500
Undanþegin starfsemi (2. gr.)	2505
=	2830

Í starfsemi sem er undanþegin virðisauka-skattsskyldu, skal færa allar fjárhæðir í aftasta dálkinn

Ekki skal færa fjárhæðir í skyggða reiti

Dæmi um gjaldaliði:

- Olíur í skip, flugvélar og á ökutæki/vinnuvélar.
- Ís í skip.
- Veiðarfæri.
- Beita.
- Sagarblöð.
- Þvottaefni (vegna seldrar þjónustu).
- Rafmagn (til framleiðslu).
- Heitt vatn (til framleiðslu).
- Umbúðir (verslana og framleiðslufyrirtækja).

2100, 2115 og 2120 Vörukaup innanlands

Hér skal færa innlend vörukaup til endursölu (heildsölu/smásölu). Um hráefniskaup fyrirtækja til frekari vinnslu og kaup byggingarefnis til framkvæmda vísast til reita 2010 til 2030.

2130, 2145 og 2150 Vörukaup erlend

Hér skal færa erlend vörukaup til endursölu. Um erlend hráefniskaup fyrirtækja til frekari vinnslu og kaup byggingarefnis til framkvæmda erlendis frá vísast til reita 2040 til 2060.

Virðisaukaskatt vegna alls innflutnings, sem greiddur hefur verið í tolli, þarf að tilgreina sérstaklega í reit 0680. Sjá nánar í kaflanum Ýmis innskattur á bls. 37.

2160, 2165 og 2170 Aðkeypt innlend vinna og þjónusta til endursölu

Í þessa reiti skal færa kostnað vegna aðkeyptrar innlendrar vinnu og þjónustu (undir)verktaka, til endursölu. Hér getur bæði verið um að ræða efni og vinnu, þegar efnið og vinnan mynda hluta af seldri vöru og/eða þjónustu rekstrarins. Hér eru meðtalin t.d. kaup á vinnu undirverktaka við byggingarframkvæmdir (til sölu), aðkeypt viðgerðarþjónusta sem seld er aftur sem hluti útseldrar viðgerðarþjónustu, aðkeypt vinna af sjálfstætt starfandi lögmönnum í rekstri lögræðistofu eða aðkeypt vinna af sjálfstætt starfandi endurskoðendum í rekstri endurskoðunarstofu. **Sundurliða skal þessar greiðslur á verktakamiðum, RSK 2.01, og skila til Skattsins.**

2171, 2172 og 2173 Aðkeypt erlend vinna og þjónusta til endursölu

Í þessa reiti skal eingöngu færa aðkeypta vinnu og þjónustu, til endursölu, sem keypt er af erlendum aðilum erlendis frá. Hér getur bæði verið um að ræða efni og vinnu, þegar efnið og vinnan mynda hluta af seldri vöru og/eða þjónustu rekstrarins. Hér eru meðtalin t.d. kaup á vinnu undirverktaka við byggingarframkvæmdir (til sölu) og aðkeypt viðgerðarþjónusta sem seld er aftur sem hluti útseldrar viðgerðarþjónustu. Ennfremur fellur hér undir aðkeypt vinna og þjónusta sjálfstætt starfandi manna, t.d. verkfræðinga, arkitekta, lögmanna, endurskoðenda, tölvunarfræðinga, leikhús-

kvikmynda-, hljóðvarps- og sjónvarpsmanna og hljómlistar- manna, m.a. vinna og þjónusta keypt af erlendum aðilum sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 3. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Leiðbeiningar um takmarkaða skattskyldu er að finna á vef Skattsins, *skatturinn.is*.

Sundurliða skal þær greiðslur sem falla undir þessa reiti á sérstöku eyðublaði, RSK 2.025, og skila því með skattframtali.

2180 og 2190 Húsaleiga / Aðstöðuleiga

Í þessa reiti skal færa leigu á hvers konar fasteignum. Hér á meðal er leiga fyrir skrifstofuhúsnæði, verslunarhúsnæði, iðnaðarhúsnæði, lagerhúsnæði o.s.frv. Einnig færast hér leiga fyrir ýmiss konar aðstöðu, s.s. leiga á sal, geymslurými, aðstöðu í tollvörugeymslu og fleira þess háttar.

Sundurliða skal þessar leigugreiðslur á sérstöku eyðublaði, RSK 2.02, og skila með framtalinu.

2200 og 2210 Viðhald fasteigna

Í þessa reiti skal færa allan viðhaldskostnað húsnæðis og lóðar. Endurbætur skal hins vegar færa til hækkunar stofnverðs viðkomandi eignar.

Hér skal ekki færa endurbætur á fasteignum.

2220, 2235 og 2240 Annar rekstrarkostnaður fasteigna

Í þessa reiti skal færa rekstrarkostnað fasteigna, sem ekki er sérstaklega færður í aðra reiti. Hér getur t.d. verið um að ræða kostnað vegna þrifa, öryggisgæslu, trygginga, vatns, rafmagns, hita o.s.frv. Hér skal einnig færa skatta sem eru lagðir á fasteignir í eigu framteljanda á rekstrarárinu, fasteignagjöld (fasteignaskattur, lóðarleiga, vatnsskattur) o.fl.

2250, 2255 og 2260 Sölu- og leigukostnaður

Í þessa reiti skal færa kostnað við sölu á vörum fyrirtækisins. Hér getur verið um að ræða t.d. auglýsingar, vörusýnishorn, smávarning í auglýsingaskyni (penna, öskubakka o.s.frv.), útstillingar, vörusýningar, kostun og verðlista. Flutningskostnaður vegna seldra vara fellur ekki hér undir.

2270, 2277 og 2280 Rekstur flutningatækja

Í þessa reiti skal færa rekstrarkostnað bifreiða og annarra flutningatækja í rekstrinum, annan en fyrningar og fjármagnskostnað. Hér getur bæði verið um að ræða kostnað vegna leigðra bíla (frá bílaleigu) og bíla í eigu rekstraraðilans sjálfs, annarra en fólksbifreiða. Um getur verið að ræða t.d. bensín, olíu, tryggingar, viðhald, skatta o.s.frv. Undir þennan reit falla hvorki aðkeyptur akstur sem færast í reiti 2290/ 2295/2300 né leigugreiðslur vegna fjármögnunarleigu sem færast í reiti 2390/2400.

Í reit 2277 er gert ráð fyrir að eingöngu færast 11% vsk. vegna aðgangs að vegamannvirkjum (Hvalfjarðargöngum).

Ef rekstur felst í rekstri flutningatækja, þ.e. útgerð flutningaskipa, flugvéla, vörubifreiða, sendibifreiða, hópbifreiða, leigubifreiða o.p.h., skal kostnaði við rekstur skipt niður á reiti RSK 1.04 eins og leiðbeiningar við einstaka reiti kveða á um, en ekki færast sem ein fjárhæð í þennan reit.

2290, 2295 og 2300 Aðkeyptur akstur og annar flutningskostnaður

Í þessa reiti skal færa kostnað vegna aðkeypts aksturs og annarra aðkeyptra flutninga, annan en vegna vöru og hráefna til endursölu og sem færður hefur verið sem hluti af innkaupsverði. Hér á meðal er t.d. allur aðkeyptur akstur sendi-, vöru-, hóp- og leigubifreiða og flutningur með flugvélum og skipum.

2310, 2325 og 2330 Ferðakostnaður

Í þessa reiti skal færa ferðakostnað, annan en laun og dagpeninga, vegna ferða á vegum rekstrarins. Hér getur verið um að ræða farmiða, hótélkostnað, upphald (mat), bílaleigubíla, rútur o.fl.

2340, 2345 og 2350 Ýmis aðkeypt þjónusta, innanlands

Í þessa reiti skal færa aðkeypta vinnu verktaka, sem ekki er til endursölu og sem ekki skal færa í aðra reiti. Hér getur t.d. verið um að ræða aðkeypta bókhaldsþjónustu, tölvuvinnslu, endurskoðun, innheimtu- og lögfræðiþjónustu og söluþjónustu (sölulaun). Hér færast keypt þjónusta innanlands. **Sundurliða skal þessar greiðslur á verktakamiðum, RSK 2.01, og skila til Skattsins.**

2351, 2352 og 2353 Ýmis aðkeypt þjónusta, erlend

Í þessa reiti skal færa aðkeypta vinnu og þjónustu, þó ekki til endursölu, sem keypt er af erlendum aðilum erlendis frá. Hér getur t.d. verið um að ræða aðkeypta bókhaldsþjónustu, tölvuvinnslu, endurskoðun, innheimtu- og lögfræðiþjónustu og söluþjónustu (sölulaun), m.a. af aðilum sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 3. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Sundurliða skal þær greiðslur sem falla undir þessa reiti á sérstöku eyðublaði, RSK 2.025, og skila því með skattframtali.

2360, 2375 og 2380 Annar skrifstofu- og stjórnunar- kostnaður

Í þessa reiti skal færa allan skrifstofu- og stjórnunarkostnað, sem ekki fellur undir aðra reiti. Hér undir geta til dæmis fallið eftirtaldir kostnaðarliðir:

- Pappír, prentun og ritföng.
- Tölvukostnaður, annan en aðkeypt tölvuþjónusta sem færast í reit 2340/2345/2350.
- Tryggingar sem ekki eru taldar annars staðar, s.s. rekstrarstöðvunartrygging, ábyrgðir o.s.frv.
- Símakostnaður.
- Frímerki og pósthúðargjöld.
- Bækur, blöð og tímarit.
- Kostnaður vegna stjórnarfunda eða aðalfunda.
- Félagsgjöld og kostnaður vegna ýmissa samtaka.

Vakin er athygli á skattskyldu bifreiðahlunninda í þeim tilvikum þegar launamanni og/eða eigendum rekstrar eru látnar í té bifreiðar til umráða, hvort sem bifreiðin er tekin á leigu eða keypt. Einnig er vakin athygli á hámarksfjárhæð gjaldfærslu kostnaðar, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

2390 og 2400 Lausafjárleiga, fjármögnunarleiga o.fl., innanlands

Í þessa reiti skal færa allar leigugreiðslur fyrir hvers konar eignir og eignaréttindi tengd rekstri, aðrar en leigu fyrir fast- eignir sem færast í reiti 2180 eða 2190. Hér færast því leiga hvers konar lausafjár, s.s. vélaleiga, tækjaleiga o.s.frv. Leiga á skammtímakvóta í fiskveiðum fellur einnig hér undir. Þá færast hér leigugreiðslur vegna fjármögnunarleigu. Hér færast kostnaður vegna leigu innanlands.

Hafi hlutur, sem tekinn hefur verið á fjármögnunarleigu, verið eignfærður og fyrndur í reikningshaldi, færast leigugreiðsla ekki hér. Virðisaukaskatt af leigugreiðslum þarf í því tilviki að tilgreina sérstaklega í reit 0670.

Sjá einnig *Skattalegar leiðréttingar og ráðstafanir* á bls. 25.

2401 og 2403 Lausafjárleiga, fjármögnunarleiga o.fl., erlend

Í þessa reiti skal færa hvers konar greiðslur til erlendra aðila fyrir leigu, afnot eða rétt til hagnýtingar á lausafé, einkaleyfum, hvers konar réttindum eða sérþekkingu. Hér færast því leigutekjur erlendra aðila af hvers konar lausafé, vélum, tækjum og hvers konar búnaði, t.d. farartækjum eins og skipum, flugvélum og ökutækjum, gámum til flutninga, tölvum, vinnuvélum, verkfærum o.s.frv. Hér falla einnig undir greiðslur eða endurgjald til erlendra aðila fyrir afnot eða rétt til hagnýtingar á hvers konar réttindum, m.a. hugbúnaði, einkaleyfum, vörumerkjum, og sérþekkingu eins og gögnum eða upplýsingum sérfræðilegs eðlis. Hér falla því m.a. undir greiðslur til erlendra aðila sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 6. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Sjá leiðbeiningar um takmarkaða skattskyldu á vef Skattsins, *skatturinn.is*.

Sundurliða skal þær greiðslur sem falla undir þessa reiti á sérstöku eyðublaði, RSK 2.025, og skila því með skattframtali.

2410 og 2420 Gjaldfærðir rekstrarfjármunir

Í þessa reiti skal færa þá rekstrarfjármuni sem gjaldfærðir eru (en ekki eignfærðir og afskrifaðir). Ef gjaldfærsla rekstrarfjármuna í þessum reitum er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga, skal gera leiðréttingu í reitum 4390/4391.

2430 og 2440 Viðhaldskostnaður

Hér skal færa viðgerðar- og viðhaldskostnað eigna í rekstrinum (svo sem véla og áhalda), annarra en bifreiða sem færast í reiti 2270, 2280, 3140, og 3150 og fasteigna sem færast í reiti 2200 og 2210.

Ef rekstur felst í rekstri flutningatækja, þ.e. útgerð flutningaskipa, flugvéla, vörubifreiða, sendibifreiða, hópbifreiða, leigubifreiða o.þ.h., skal þó færa viðhaldskostnað slíkra tækja hér, en ekki í reiti 2270 eða 2280.

2450, 2465 og 2470 Starfsmannatengdur kostnaður

Hér skal færa allan kostnað vegna launamanna, sem ekki skal sérstaklega færður í aðra reiti. Meðal þess sem færast hér er t.d.: Kostnaður vegna fæðis, fatnaðar, trygginga starfsmanna, námskeiða, kaffiveitinga, lækniþjónustu, sjúkravara, heilbrigðisráðgjafar, heilsubótaraðstöðu, tjóna starfsmanna, skemmtiferða og árshátíðar starfsfólks sem og annarra sambærilegra samkoma og framlaga til starfsmannafélaga. Hér færast ekki greiðslur í peningum til launamanna.

Athygli skal vakin á því að réttur einstaklinga í eigin atvinnurekstri til gjaldfærslu ofangreindra liða vegna þeirra sjálfra er takmarkaðri skv. skattalögum en ef um er að ræða gjaldfærslu vegna launþega.

Einnig er vakin athygli á þeim árlögu skattmatsreglum sem um framangreindan kostnað gilda.

Við færslu í þessa reiti skal gæta ákvæða 3. mgr. 16. gr. virðisaukaskattslaga varðandi innskattshæfan kostnað.

Sjá kaflann *Almennt um laun* á bls. 20.

2475, 2477, 2480, 2490, 2495, 2497, 2500 og 2505 Afskrifaðar viðskiptakröfur

Í þessa reiti skal færa afskriftir viðskiptakrafna vegna sölu á vöru og/eða þjónustu sem uppfylla skilyrði til frádráttar skv. skattalögum. Fjárhæðirnar sem hér færast skulu vera án virðisaukaskatts og upphæðirnar þær sömu og miðað skal við á virðisaukaskattsskýrslum.

Í reit 2477 færast afskriftir viðskiptakrafna vegna sölu á vöru og/eða þjónustu í 24% virðisaukaskattspæpi og í reiti 2475, 2480, 2490, 2497 og 2495 vegna sölu í 25,5%, 24,5%, 14%, 11% og 7% þæpi.

Í reit 2500 færast afskrifaðar viðskiptakröfur sem tengjast undanþeginni veltu (skv. 12. gr. vsk.laga), þ.e. í 0% þæpi.

Í reit 2505 færast afskrifaðar viðskiptakröfur sem uppfylla skilyrði til frádráttar skv. skattalögum, aðrar en þær sem eru vegna virðisaukaskattsskyldrar sölu eða undanþeginnar veltu, þ.m.t. í starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti. Í þessum reit getur einnig verið um að ræða tap af ábyrgðum eða lánveitingum sem beint tengjast atvinnurekstrinum, sbr. 1. mgr. 3. tl. 31. gr. skattalaga eða sannanlega tapað hlutafé sbr. 5. tl. 31. gr. sömu laga.

Ef um er að ræða afskriftir eða niðurfærslu viðskiptakrafna sem ekki uppfylla skilyrði um sannanlega tapaðar kröfur til frádráttar skv. skattalögum, skulu þær færast í reit 3190.

Sjá einnig í kaflanum *Skattalegar leiðréttingar og ráðstafanir* á bls. 25.

Skattaleg niðurfærsla viðskiptakrafna (5%) færast ekki hér, heldur færast niðurfærslan í upphafi reikningsárs í reit 4090 og niðurfærslan í lok reikningsárs í reit 4091.

2510, 2525 og 2530 Ýmis annar kostnaður

Undir þessa reiti fellur allur annar kostnaður sem ekki er gert ráð fyrir að færast í aðra reiti. Hér gæti verið um að ræða ýmsan kostnað, t.d. gjafir sem ekki færast í reit 3105 eða 3115, opinber gjöld o.fl. Gjaldfærður kostnaður við stofnun fyrirtækis eða félags og kostnaður vegna framleiðsluleyfis eða einkaleyfis færast hér.

Ef fjárhæð sem færast ætti í einhvern reitanna 2010 til 2500 er neikvæð, skal hún færð í þessa reiti í viðeigandi dálki, en aðeins þessir reitir geta tekið bæði + (plús) og - (mínus) formerki í þessum kafla.

Gert er ráð fyrir því að framteljendur reyni að finna sem allra flestum kostnaðarliðum stað í öðrum reitum, eftir því sem unnt er, og noti því reiti 2510 til 2530 sem minnst.